

VILJAYFIRLÝSING



Stefnt er að því að setja á laggirnar átta starfsstöðvar á landsvísu sem munu þjónusta öll 25 íþróttahéruð landsins. Horft er til samlegðaráhrifa við svæðisskipt verkefni ríkis og sveitarfélaga s.s. skólaþjónustu, farsæld barna og æskulýðsstarfi.

Markmiðið er að efla íþróttahéruð með því að koma á fót sameiginlegum starfsstöðvum sem hafa það hlutverk að þjónusta íþróttahéruðin í nærumhverfi sínu með samræmdum hætti. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og starfsstöðvar um allt land auki skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar og geri þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni. Það mun styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu og þannig jafna tækifæri barna óháð aðstæðum og búsetu sem og að efla þjónustu á viðkomandi svæði. Breytingin nær til tæplega 500 íþróttá- og ungmennafélaga um allt land.



VILJAYFIRLÝSING



Mennta- og barnamálaráðherra lýsir yfir vilja til þess að styðja við verkefnið með 200 m.kr. árlegu framlagi til ÍSÍ og UMFÍ til næstu tveggja ára, til að byrja með. Framlaginu er ætlað að styðja við þessa uppbyggingu um allt land og meðal annars koma á fót hvatasjóði. Hlutverk hvatasjóðsins er að stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, með áherslu á börn með fötlun og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.



VILJAYFIRLÝSING



Mennta- og barnamálaráðuneytið, ÍSí og UMFÍ munu samkvæmt viljayfirlýsingunni undirrita samning í lok árs um skiptingu og rekstur svæða. Mælikvarðar verða skilgreindir samhliða því til að mæla framgang og samfélagslegan ávinning verkefnisins. Stefnt er að því að samningurinn taki gildi 1. janúar 2024.

Öflugt íþróttastarf er lykilþáttur í að stuðla að farsæld barna. Áherslur eru að mörgu leyti þær sömu og í nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Íþróttir leiða til farsældar og er markmiðið að bæta og samþætta þjónustuna á landsvísu með jöfn tækifæri og samnýtingu svæða að leiðarljósi.



FUNDIR MEÐ ÍPRÓTTAHÉRUÐUM



- Haldinn á Teams þann 8. nóvember sl.
- Forseti ÍSí og formaður UMFÍ kynntu innihald viljayfirlýsingar.
- Í framhaldinu var boðað til átta funda með fulltrúum íþróttahéraða, þ.e. Einn fundur með hverju skilgreindu svæði. Þann fund sátu framkvæmdastjórar ÍSí og UMFÍ auk sviðsstjóra stjórnsýslusviðs ÍSí.
- Fyrir fundinn var sendur út ítarlegur tölvupóstur með upplýsingum um möguleg verkefni sem gætu verið unnin á svæðunum og með spurningum sem til umræðu voru á fundunum.



HELSTU ATRIÐI



- Í þeim tillögum sem samþykktar voru á Íþróttapingi ÍSí og Sambandsþingi UMFÍ er gert ráð fyrir átta svæðum. Eru þessi svæði hugsuð í anda landshlutaskiptar sveitarfélaga, en þó með örlitlum frávikum.
- Hver svæðaskrifstofa er hugsuð með tvö heil stöðugildi. Er það til að ná betri samfelli í verkefnum og sem mestum stöðugleika, en jafnframt til að tryggja að aðilar séu að vinna með einhverjum og hafi stuðning hver frá öðrum. Mögulega þarf þó að skoða ýmsar útfærslur og nýta þann mannauð sem er til staðar.
- Ekki er búið að ákveða staðsetningar þessara svæðaskrifstofa, en hugmyndir er samt að tengja þær við þær þjónustueiningar sem eru í landshlutasamtökum eða á viðkomandi svæðum. Er það til að tryggja ákveðinn stuðning við þau verkefni sem liggja á sviði sveitarfélaga og ríkis en jafnframt til að tryggja að málefni íþróttahreyfingarinnar séu í kjarna þess skipulags sem verið er að horfa til.



MIKILVÆGUSTU ÞÆTTIRNAR



- Bæta íþróttumhverfi barna og unglunga.
- Gefa öllum kost á að stunda íþróttir.
- Gera starf sjálfbærliða í félögunum auðveldara.
- Eftirlitsskylda getur orðið betri.
- Skilvirkari vinna í gangi alls staðar.
- Samstarf og samvinna.
- Íþróttir verði einn af hornsteinum þjóðfélagsins.
- Íþróttahreyfingin verði aðili að viðtæku samtali um ýmis málefni.



NÆSTU SKREF



- Áframhaldandi fundir ÍSÍ og UMFÍ.
- Spretthópur með ráðuneytinu ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Byggðastofnun, innviðaráðuneyti, Samtökum stjórnenda í velferðarþjónustu, Grunni – félagi fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum, UMFÍ, Barna- og fjölskyldustofu og Félagi Íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi.
- Tímalína
- Samningur við ríkið, rekstur, ráðningar, staðsetningar,

